

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1146/2013, um veiðar úr úthafskarfastofnum 2014.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga, sbr. 1. mgr., bilar, skal gert við hann við komu í næstu höfn. Þar til búnaðinum verður komið í lag, skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða skipsins á 4 klukkustunda fresti til eftirlitsstöðvarinnar.

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

3. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Um tilkynningar við úthafskarfaveiðar skv. þessari reglugerð, bæði innan íslensku lögsögunnar og á alþjóðlegu hafsvæði, gilda ákvæði reglugerðar nr. 285/2014, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), með síðari breytingum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum, lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. apríl 2014.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*